



Kársnesstígur á sunnanverðu Kársnesi

Tillaga að deiliskipulagi á vinnslustigi

Dags. 27. febrúar 2026

Minnisblað um áherslur í áframhaldandi skipulagsvinnu.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 2. febrúar 2026 var tillaga að deiliskipulagi Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi lögð fram að lokinni kynningu á vinnslustigi. Einnig voru lagðar fram ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma, alls 161 talsins, ásamt minnisblaði skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2026 með umfjöllun um samráð á kynningartíma og efnisatriði ábendinga og umsagna.

Megininntak þeirra ábendinga sem fram komu snýr að áhrifum tillögunnar á strandlengjuna á sunnanverðu Kársnesi og þeim útivistarmöguleikum sem svæðið býður upp á. Fram komu sjónarmið um að tilkoma hjólastígs norðan núverandi stígs hefði neikvæð áhrif á ásýnd umhverfisins og þar með upplifun notenda svæðisins, neikvæð áhrif á umferðaröryggi gangandi vegfarenda á svæðinu og neikvæð áhrif á náttúruna.

Lagt er til að í áframhaldandi skipulagsvinnu verði lögð áhersla á að viðhalda útivistargildi svæðisins og auka á upplifunargildi með frekari áherslu á útfærslu þeirra dvalarsvæða sem lögð eru til í tillögunni. Einnig er lagt til að lögð verði meiri áhersla á aðlögun stígsins að núverandi umhverfi. Að lögð verði áhersla á að aðskilja stígana betur til að auka umferðaröryggi.

Meðfylgjandi skýringarmyndir sýna hugsanlegt útlit sem lagt er til að unnið verði áfram með. Þá er einnig lagt til að framsetning kynningargagna verði endurskoðuð og að framsetning verði einnig með myndrænni hætti. Tekið er fram að meðfylgjandi myndir eru tölvugerðar skissur, þeim er ætlað að sýna tillögur að áherslum við áframhaldandi skipulagsgerð og hafa ekki verið útfærðar með nákvæmari hætti.


Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi



Mynd 1. Núverandi staða á Kársnesstíg, sameiginlegur stígur fyrir gangandi og hjólandi. Mynd unnin af VSÓ ráðgjöf.



Mynd 2. Tillaga á vinnslustigi. Aðgreindir stígar fyrir gangandi og hjólandi án aðskilnaðar. Mynd unnin af Onno.



Mynd 3. Tillaga að áherslum í áframhaldandi skipulagsvinnu. Aðgreindir stígar með aðskilnaði með gróðri/náttúrulegum efnum. Mynd unnin af VSÓ ráðgjöf.



Mynd 4. Tillaga að áherslum í áframhaldandi skipulagsvinnu. Aðgreindir stígar með aðskilnaði með gróðri/náttúrulegum efnum. Mynd unnin af VSÓ ráðgjöf.

